

Mál nr. 301/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar S

M missti jafnvægið við æfingar og þumall skropp til og liðbönd slitnuðu þ. 7.9.2012.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.4.9.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 19.9.2013.

Málsatvik.

M sem er starfsmaður S var að æfa í lyftingasal á vinnusvæðinu og þegar hann var að setjast við framkvæmd ákveðinnar æfingar þá segir M að hnykkur hafi komið á hann vegna þyngdar lóðs sem hann var með og hafi hann misst jafnvægið með þeim afleiðingum að þumallinn skropp til á gólfinu og liðbönd slitnuðu. M krefst bóta úr launþegatryggingu S hjá V og telur sig hafa orðið fyrir slysi í umrætt sinn og hafi þyngdin á lóðinu sem hann var með orðið þess valdandi að hann missti jafnvægið í því sambandi er bent á dóm Hæstaréttar í málinu nr. 412/2011. Tveir vinnufélagar M bera með sama hætti og M um aðdraganda og orsök þess atviks sem hér ræðir um. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða sbr. grein 1.2. í viðkomandi vátryggingaskilmálum. Þá vísar V til tilkynninguar M til Sjúkratrygginga Íslands þar sem segir að M hafi haft vinstri hönd á gólfi og þumall gefið sig og liðband slitnað. V telur ekki rétt að leggja síðari tíma atvikalýsing í áverkavottorði og yfirlýsing samstarfsmanna til grundvallar. Þá sé ósannað að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu liggja ekki fyrir upphafleg tjónstilkynning eða tilkynning til Sjúkratrygginga ríkisins. V hefði verið í lófa lagið að leggja þau gögn fram ætlaði V sér að byggja á þeim gögnum. Úrskurðarnefndin getur ekki byggt á öðrum gögnum en þeim sem lögð eru fyrir nefndina. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu þá hefur þeirri atvikalýsingu sem fram kemur hjá M og lýst er hér að ofan í í málsatvikalýsingu ekki verið hnekk og á því byggt að M hafi misst jafnvægið og orðið fyrir líkamstjóni vegna þyngdar lóðsins sem hann var með við æfingar í umrætt sinn. M varð því fyrir slysi við æfingar í umrætt sinn og á rétt á bótum úr launþegatryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr launþegatryggingu S hjá V.

Reykjavík 15.10.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.